

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2009 frá 29. maí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2008 frá 12. desember 2008 um breytingu á III. og VI. viðauka við tilskipun 2006/141/EB að því er varðar kröfur um samsetningu tiltekinna ungarnablandna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 frá 20. janúar 2009 um samsetningu og merkingu matvæla sem henta fólki með glútenóþol ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/100/EB frá 28. október 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/496/EBE um merkingu næringarinnihalds matvæla að því er varðar ráðlagðan dagskammt, orkuumbreytingarstuðla og skilgreiningar ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 53. lið (tilskipun ráðsins 90/496/EB):
„– **32008 L 0100**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/100/EB frá 28. október 2008 (Stjtið. ESB L 285, 29.10.2008, bls. 9).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzv (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 1243**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2008 frá 12. desember 2008 (Stjtið. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 25).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 16, 21.1.2009, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 285, 29.10.2008, bls. 9.

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006):

„54zzzza. **32009 R 0041**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 frá 20. janúar 2009 um samsetningu og merkingu matvæla sem henta fólki með glútenóþol (Stjtíð. ESB L 16, 21.1.2009, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1243/2008 og 41/2009 og tilskipunar 2008/100/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.